

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 124

Október 2012

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. október 2012 kl. 20 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Sigurður Þórarinnsson, ævi og störf,
Sigurður Steinþórsson.
Svipmyndir og minningar úr jökla- og fjallaferðum,
Halldór Ólafsson.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. október kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Fundurinn verður að þessu sinni helgaður minningu Sigurðar Þórarinssonar, jarðfræðings í tilefni af því að á þessu ári eru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Sigurður Steinþórsson prófessor, mun segja frá ævi og starfi Sigurðar í máli og myndum. Eftir hlé mun síðan Halldór Ólafsson rennismiður og jöklamaður segja frá fólki, vísunum og ferðum með Sigurði, bæði á jöklum og utan þeirra.

SIGURÐUR ÞÓRARINSSON, ÆVI OG STÖRF

Á þessu ári er öld liðin frá fæðingu Sigurðar Þórarinssonar, og 78 ár frá því frægðarferill hans sem vísindamanns hófst: Snemma árs 1934, þegar Sigurður var 22ja ára og á 3. námsári í jarð- og landfræði í Svíþjóð, kallaði dagblaðsfrétt um Skeiðarárhlaup og gos í Grímsvötnum hann heim til að sjá afleiðingarnar með eigin augum. Þaðan í frá urðu jöklar og eldgos hans mikilvægasta rannsóknarefni. Í byrjun júní reið svo Dalvíkurjarðskjálftinn yfir og Sigurður rauk til að rannsaka hann af miklum móð. Þá um vorið hafði hann flutt útvarpserindi, „Mýrarnar tala“, þar sem hann lýsti þeim fyrirætlunum sínum að beita frjókornagreiningu til að rekja gróðurfars- og loftslagssögu Íslands eftir ísöld. Í því erindi voru hvorki eldfjöll, jarðskjálftar né jöklar nefnd. Hins vegar fór hann sama sumar að skoða gosöskulög í mómýrum með það í huga að nota þau til að aldurssetja jarðvegssnið. Allar urðu þessar rannsóknir Sigurði efni í vísindagreinar. Sumarið 1939 tók hann svo þátt í fornleifagreftri í Þjórsárdal þar sem freista skyldi þess að aldursgreina rústirnar með öskulögum. Þær rannsóknir urðu uppistaðan í doktorsritgerð hans sem hann varði í Stokkhólmi 1944. Heimkominn 1945 hélt hann áfram fyrri



rannsóknnum, tók þátt í vélsleðaleiðangri til Grímsvatna og kortlagði gjóskulög, ekki síst Heklulög. Þar kom Hekla sjálf til hjálpar, því gosið 1947 reyndist hin mesta lyftistöng rannsókna hans og íslenskrar eldfjallafræði almennt. Svo kom hvert gosið á fætur öðru, Sigurður tók þátt í rannsókn þeirra allra meðan ævin entist, og gjóskulagafræðin varð með tímanum áhrifamikið hjálparkæmi margra fræðigreina. Eftir sem áður hélt Sigurður tryggð við jöklana, varð stjórnarlimur í Jöklarannsóknafélaginu 1952, formaður þess frá 1969 til æviloka og stjórnaði flestum Vatnajökulsleiðöngum þess.

Sigurður kom víða við í rannsóknnum sínum, kennslu, félagsstarfi og þjóðfélagsmálum—var til dæmis forgöngumaður í náttúruvernd. Í fyrirlestrinum verður rakin saga hinna margvíslegu rannsókna Sigurðar sem skipuðu honum í fremstu röð í veröldinni sem jökla- og eldfjallafræðingur.

Sigurður Steinþórsson

ÁRSHÁTIÐ JÖRFÍ 2012

Árshátíð JÖRFÍ verður haldin laugardaginn 10. nóvember. Fordrykkurinn í ár er í boði Landsvirkjunar og hefst klukkan 18:00. Er nær dregur verður tilkynnt um nákvæma staðsetningu fordrykkjarins á vef félagsins. Rúta frá Guðmundi Jónassyni mun flytja gesti á sjálfan veislustaðinn sem að þessu sinnu er ÖRLítið fyrir utan höfuðborgina og mun því rútan flytja okkur aftur í bæinn að veisluhaldi loknu kl.1:00.

Miðinn kostar kr. 5.500,- og hefst miðasalan 23. okt. Miða má nálgast hjá Finni í Öskju (525-4936), Grétari í málmsteyppunni Hellu hf Kaplahrauni 5 í Hafnarfirði (898-5988), Hálfadáni á Veðurstofunni (865-9551) og hjá skemmtinefnd sem einnig veitir allar nánari upplýsingar um árshátíðina; Ágúst Þór (695-3310), Hlín (849-6198) og Snævarr (897-7976). Miðar verða einnig til sölu á haustfundi félagsins.

Áfengi verður til sölu á árshátíðarstaðnum, bjór á krana á kr. 800,- og glas af léttvíni á kr. 850,-.

Hlökkum til að sjá sem flesta, árshátíðarnefndin.

GJÖRFÍ

Gönguhópur Jöklarannsóknafélagsins gengur aftur, að hausti. Gönguferðirnar eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskrá haustsins er hér að neðan. Munið ennisljósin!

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
23. okt.	Heiðmörk	Borgarstjórplan
6. nóv.	Fossvogsdalur	Borgarspítalinn, þyrlupallsmegin
20. nóv.	Laugardalur	Gló á Engjateig
4. des.	Grafarvogur	Grafarvogskirkja
18. des	Öskjuhlíð	Hótel Loftleiðir. Biti á Hótel Natura að göngu lokinni
8. jan.	Rauðavatn	Morgunblaðshöllin
22. jan.	Seltjarnarnes og Gróttá	Bílastæði við Gróttugranda

VORFERÐ JÖRFÍ 1.-8. JÚNÍ 2012

Vorferðir eru fastur þáttur í starfi JÖRFÍ og gegna mikilvægu hlutverki í rannsóknum á Vatnajökli. Vorferðin 2012 var sú 60. í röðinni en fyrsta ferðin var farin 1953. Henni er lýst í grein Sigurðar Þórarinssonar í 3. árgangi Jökuls. Eins og í fyrstu ferðinni var áherslan nú á Grímsvötn, ekki síst rannsókn á gígsvæðinu úr gosinu í fyrra, en á síðasta ári var ekki fært niður í ketilinn sem myndaðist í gosinu.

Þátttakendur voru 27 en þar af voru 20 manns allan tímann. Farið var frá Reykjavík um kvöldmatarleytið föstudaginn 1. júní. Eftir næturgistingu í Jökulheimum var haldið upp Tungnaárjökul og gekk sú ferð að óskum. Við komum á fjallið síðdegis á laugardeginum. Veður



Kátur hópur eftir komuna á Grímsfjall - fyrir pest.

var ákaflega gott, hæg norðaustanátt og heiðrikt. Hélt svo fram til þriðjudags. Fjórir leiðangursmenn fóru rակեիծis í Kverkfjöll að setja þar upp sjálfvirka veðurstöð, aðrir tveir héldu niður á Vött að koma þar fyrir nýjum jarðskjálftamæli, tveir til viðbótar fóru í Esjufjöll til að kortleggja jaðarurðir þær sem marka hámark Litlu Ísaldar síðla á 19. öld. Aðrir gerðu klárt fyrir verkefni næstu daga. Þau voru m.a. mælingar á Grímsvötnum, einkum á gígunum frá 2011. Svo vel vildi til að vatnsborð lækkaði í vikunni fyrir ferðina þ.a. gígarnir voru að mestu á þurru, í fyrsta sinn frá goslokum. Tókst því að kortleggja þá, mæla gasútstreymi og gera hitamælingar á jarðhitaaugum sem voru fjölmörg. Einnig var með gúmmibátur, dýptarmælir og tæki sem mældi hita, leiðni og þrýsting. Þessi tæki voru notuð til að mæla lónið austast í katlinum. Það er stórmerkilegt, því hiti þess var 35-45° vestan til en lækkaði svo í 7-10° austast, þar sem ísveggir eru á allar hliðar. Önnur verkefni voru GPS landmælingar á Hamrinum, Vetti og Esjufjöllum, mælingar á lögum sigdælda við Hamarinn sem mynduðust samfara jökulhlaupi í júlí í fyrra, afkomumælingar í Grímsvötnum, Bárðarbungu



Mælingar á gúmmíbát á lóninu austast í goskatlinum frá 2011.

og Háubungu, mæling á vatnshæð Grímsvatna, mælingar á gasútstreymi á Saltaranum, viðhald rafstöðva á Grímsfjalli, auk endurbóta og lagfæringa á hitaveitu í húsunum. Einnig voru með í för kvikmyndatökumenn sem vinna að heimildarmynd um Vatnajökulsþjóðgarð.

Vatnshæð í Grímsvötnum reyndist með lægsta móti, um 1340 m.y.s. Viðvarandi jarðhiti í Grímsvatnaskarði veldur því að þar lekur bræðsluvatn út langtímuð saman svo ekki safnast fyrir nægilegt vatn til að valda umtalsverðum hlaupum.

Verkefnin gengu nokkuð vel. Hinsvegar var heilsufar leiðangursfólks ekki sem skyldi, því skæð smitandi magapest gekk á fjallinu og á föstudagsmorgni var svo komið að 17 af 20 höfðu legið veikir 1-3 daga hver. Allavega fimm af þeim sjö sem fóru fyrir miðja viku veiktust einnig.

Niðurferðin var óvenju þægileg enda færi með albasta móti. Snjóbillinn var kominn í jökulrönd eftir þriggja tíma ferð og aðrir á svipuðum tíma. Vegna veikindanna var lítil stemning fyrir grilli um kvöldið, fólk fýsti að komast heim sem fyrst og jafna sig. Því varð úr að halda rakleiðist til byggða og náðum við til Reykjavíkur áður en langt var liðið á föstudagskvöld. Ekki urðu frekari eftirköst af pestinni en ferðin verður minnistæð þeim sem hana fóru.

Magnús Tumi Guðmundsson



Omar Ragnarsson og Hlynur Skagfjörð í góðum gir.

SUMARFERÐ JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS 2012

Sumarferð JÖRFÍ 2012 var farin helgina 6.-8. júlí. Þátttakendur voru 16 á 5 bílum. Bækistöð var við skála Útivistar við Sveinstind. Tveir gistu í skálanum og fjórir í aðstöðu vatnamælinga Veðurstofu Íslands en aðrir í tjöldum og húsbílum.



Umhverfi sumarferðar (myndir: Svanbjörg Helga Haraldsdóttir).

Á föstudag var haldið úr bænum að áliðnum degi, ekið austur suðurströndina og austur yfir Mýrdalssand. Síðan upp Álftaversafrétt um Öldufellsleið, norður yfir Álftavatnkrók í Eldgjá og síðan Skælingaleið um Blautulón. Loks var ekið eftir Hellnakvisl inn að skála og var þá orðið nokkuð framorðið enda margt að skoða á þessari leið.

Á laugardag var haldið inn Breiðbak inn fyrir Langasjó. Landvörður Vatnajökulsþjóðgarðs tjáði okkur að leiðin væri ófær vegna snjóa en jöklamönnum blöskraði ekki að renna yfir nokkra skafla enda voru þeir utan þjóðgarðsins. Haldið var inn fyrir Langasjó og gengið í góðu veðri út að Útfalli og var mikið étið af flugu á leiðinni. Á heimleiðinni var staldrað við á útsýnispalli við Sveinstind þar sem sést vel yfir falleg gígvötn við Skaftá. Að lokum var grillað lamb við skálavegg um kvöldið og eitthvað raulað frameftir eftir því sem þrek dugði fólki.

Á sunnudag voru skoðuð tæki og aðstaða Vatnamælinga, sá frægi vatnshæðarmælir við Sveinstind sem kemur reglulega í fréttum við Skaftárhlaup. Ekki var verra að njóta leiðsagnar Snorra Sóf sem fylgir yfirleitt með í sömu fréttum. Síðan var haldið til byggða, að sjálfsögðu



Jöklafélagar í sumarferð (mynd: Svanbjörg Helga Haraldsdóttir)

ekki stystu leið. Farið var um Botnlangalón, niður milli Kattarhryggja og Tungnaár, línuveg yfir Kirkjufellsós og stöðvað við Ljótapoll. Þaðan var farin Sigölduleið, norður yfir Sigöldustíflu og að Sigöldufossi sem mörgum finnst mun fallegri með tæru lindarvatni heldur en jökullituðu. Þá var haldin stysta leið til borgarinnar enda fólk orðið nokkuð mettað af náttúruperlum að sinni.

Jósef Hólmjárn.



Efri mynd: Jaðarurðir mældar ofan Fossadals í Esjufjöllum. Neðri mynd: Horft til Örafajökuls frá Mávabyggðum. Myndir: Hrafnhildur Hannesdóttir.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson